



562. fundur stjórnar SASS

Haldinn að Austurvegi 56 Selfossi

2. október 2020, kl. 13:00 – 16:00

Mætt: Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Ari Björn Thorarensen. Eva Björk Harðardóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir tengdust fundinum í gegnum fjarfundarhugbúnað. Einnig mættur Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 561. fundar staðfest og undirrituð.

2. Ársþing SASS 2020

a. Dagskrá ársþings og aðalfundar

Formaður og framkvæmdastjóri kynna uppfærð drög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS. Formanni og framkvæmdastjóra falið að uppfæra dagskrána í samræmi við umræður á fundinum.

Stjórn er ljóst að COVID-19 veiran getur haft töluverð áhrif á form komandi ársþings samtakanna og því er unnið út frá þremur sviðsmyndum, þ.e. a) að hafa ársþingið með óbreyttu tveggja daga sniði á Stracta hótelinu; b) að aðalfundarstörfum með fyrirlestrum sé lokið á einum degi á Stracta hótelinu eða c) að þingið verði haldið á netinu. Niðurstaða um hvaða leið verður fyrir valinu fer eftir þróun mála. Hún mun liggja fyrir fljótlega.

b. Drög að fjárhagsáætlun SASS 2021

Framkvæmdastjóri kynrir forsendur og drög að fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2021 en þau taka mið af því efnahagsástandi sem skapast hefur vegna COVID-19 veirunnar.

Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að senda stjórn uppfærð drög að fjárhagsáætlun, til samræmis við umræður á fundinum, til endanlegrar samþykktar.

c. Tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda

Stjórn samþykkir að tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda á vegum SASS verði óbreytt frá fyrra ári.

d. Starfsskýrsla SASS 2019 – 2020

Framkvæmdastjóri kynrir drög að starfsskýrslu sem starfsmenn samtakanna eru að vinna að.



3. Önnur mál til kynningar og umræðu

- a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka.

Lögð fram til kynningar, fundargerð 501. fundar stjórnar SSH, fundargerð 759. fundar stjórnar SSS, fundargerð 29. fundar stjórnar Vestfjarðastofu, fundargerðir 12. og 13. fundar stjórnar SSNE, fundargerðir 887. og 888. fundar stjórnar sambandsins, fundargerð 9. fundar Byggðamálaráðs og fundargerð 63. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins.

- b. Kolefnisspor Suðurlands – skýrsla

Skýrsla Stefáns Gíslasonar, umhverfisfræðings, lögð fram til kynningar. Samþykkt að senda skýrsluna á sveitarstjórnir á Suðurlandi.

- c. Sóknaráætlun Suðurlands

Umsóknarfrestur í seinni úthlutun Sóknaráætlunar Suðurlands árið 2020 rennur út 6. október n.k. Fagráð mun í framhaldi fjalla um umsóknir og verður niðurstaða þeirrar vinnu tekin fyrir á næsta fundi stjórnar.

- d. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða

Formaður kynnti verkefnið. Tillaga hefur borist frá sveitarfélaginu Rangárþingi eystra um að ein af tillögum SASS tengist Njálureflinum. Fleiri verkefni eru til skoðunar og um leið þau liggja fyrir mun stjórn taka ákvörðun um hvaða verkefni verða fyrir valinu.

- e. Heimavist við FSu

Með heimavist við FSu er búið að finna lausn fyrir þá nemendur sem hafa um lengstan veg að fara og geta ekki notað almenningssamgöngur til að sækja skólann. Stjórn fagnar niðurstöðunni og þakkar starfshópnum, mennta- og menningarmálaráðherra, skólanefnd og skólameistara fyrir vel unnin störf.

- f. Stofn- og samstarfssamningar sveitarfélaga á Suðurlandi - erindi ráðuneytis samgöngu- og sveitarstjórnarmála til sveitarfélaga á Suðurlandi

Formaður kynnir málið en ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála hefur gert athugasemdir við fjölmarga stofn- og samstarfssamninga sem sveitarfélögin hafa gert sín á milli. Ljóst er að sveitarfélögin á Suðurlandi þurfa að yfirfara samningana og gera viðeigandi breytingar á þeim. Ólíkar útfærslur voru ræddar s.s. að fá aðstoð starfsmanna sambandsins eða utanaðkomandi ráðgjafa. Framkvæmdastjóra falið að að kanna nánar grundvöll þess að SASS útfæri þetta nánar í samstarfi við sveitarfélögin.

- g. Önnur mál

- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur úthlutað til SASS styrk að fjárhæð 3 m.kr. til að framkvæma rannsókn og til að greina þjónustu almenningssamgangna á Suðurlandi og kanna ferðahegðun íbúa og gesta. Styrkurinn er veittur til verkefna á sviði almenningssamgangna á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018 – 2024.
- Gert er ráð fyrir að kynnisferð sveitarstjórnarfólks á Suðurlandi verði farin til Danmerkur í mars n.k. Óvíst er hins vegar að af ferðinni geti orðið vegna áhrifa COVID-19 veirunnar á samfélögin.



Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 28. október kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 15:50.

Eva Björk Harðardóttir
Helgi Kjartansson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Björk Grétarsdóttir
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Friðrik Sigurbjörnsson
Ari Björn Thorarensen